

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Áhaldakaupasjóð fyrir Sjúkrahús Akraness, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1958. 31. okt. 152
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Áhaldakaupasjóðs fyrir Sjúkrahús Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Áhaldakaupasjóður fyrir Sjúkrahús Akraness og er stofnaður af Lionsklúbb Akraness.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — sem gefnar eru af stofnandanum.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum frá öllum, sem vilja efla hann og styrkja, og skal hann ávaxtaður í viðurkenndri opinberri lánsstofnun og leggjast vextir við höfuðstólinn.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja Sjúkrahús Akraness til kaupa á ýmsum lækningaáhöldum og tækjum á þann hátt, er nánar getur í skipulagsskrá þessari.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður fjárveitingar úr honum eftir því sem bezt þykir henta hlutverki sjóðsins og þörfum sjúkrahússins hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Yfirlæknir Sjúkrahúss Akraness er jafnan sjálfkjörinn formaður. Hina tvo stjórnarmenn kýs stofnandi, Lionsklúbbur Akraness, úr sínum hópi, á aðalfundi ár hvert.

Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og í hana skal færa stofnskrá þessa og allar gerðir, er sjóðinn varða, þar á meðal árlega reikninga sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur þar til kjörnum félagsmönnum úr Lionsklúbb Akraness, sem kosnir eru á aðalfundi klúbbsins til eins árs í senn.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á fundi í Lionsklúbb Akraness, þar sem mættir eru að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna, og ræður þá afl atkvæða úrslitum, enda sé stjórn sjóðsins öll breytingunni samþykkt.

8. gr.

Leit skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Þannig samþykkt á fundi í Lionsklúbb Akraness 1. október 1958.